

# Framkvæmdir vegna byggingar sjúkrahótelis á Landspítala Hringbraut



Sjúkrahótel – útlit að framan – austur hlið




Bygging sjúkrahótels á Landspítala er fyrsti áfangi nýs Landspítala við Hringbraut. Framkvæmdir munu standa yfir frá desember 2015 til hausts 2017 þegar húsið verður fullbúið og lóðin frágengin.

Byggingarfyrirtækið LNS Saga ehf. reisir sjúkrahóтелиð. Jarðvinnu og uppgreiftri lýkur vorið 2016 og í kjölfarið hefjast framkvæmdir við bygginguna sjálfa.

Frá desember 2015 til júní 2016 verður innkeyrslan frá Barónsstíg lokuð. Í kjölfarið verður opnuð ný innkeyrsla lítið eitt norðar samkvæmt staðfestu deiliskipulagi. Allt framkvæmdasvæðið verður girt af með öryggisgirðingu, til að koma í veg fyrir óæskilega umferð innan svæðisins, í samræmi við verklagsreglur Vinnueftirlitsins. Aðkoma verktaka á verktíma verður frá Barónsstíg.

Hluti af jarðvegsframkvæmdum felst í því að borað er í berglög sem verða síðan losuð með sprengingum eða fleygun. Unnið verður í samræmi við reglur um sprengiframkvæmdir í jarðvinnu innan þéttbýlis. Þannig verður bylgjuhraði og tíðni sprenginga takmörkuð. Vinna við sprengingar á að taka um þrjá mánuði. Slíkum aðgerðum fylgir ónæði en reynt verður eftir fremsta megni að lágmarka það. Fyllstu varúðar verður gætt og sprengt með vægum hleðslum til að minnka titring og hávaða. Hönnun og skipulagi bygginga er hagað þannig að sem minnst þurfi að sprengja. Ekki er gert ráð fyrir jarðvinnu um helgar nema í undantekningartilvikum. Verktakinn ber ábyrgð á því að unnið sé samkvæmt framangreindu.



### Viðvörðun vegna sprenginga:

- Fyrir hverja sprengingu heyrast þrjú stutt sírenuvæl eða flaut.
- Sprengingin sjálf verður u.þ.b. 15 sekúndum eftir að viðvörðun er gefin.
- Eftir sprengingu heyrast eitt langt sírenuvæl eða flaut.

Titringsmælum verður komið fyrir í húsum næst sprengistað til þess að fylgjast með styrknum. Húseignir á áhrifasvæði sprenginganna verða skoðaðar af hálfu tryggingarfélags verktakans og af byggingar- og verkefnisstjóra eftirlits fyrir hönd verkkaupa.

Ef óskað er frekari skoðunar á húseignum, áður en sprengingar hefjast, er íbúum í næsta nágrenni bent á að hafa samband við Kristján Rafn Harðarson byggingar- og verkefnisstjóra hjá Verkís hf. í síma 617 4538 eða senda póst á netfangið [krh@verkis.is](mailto:krh@verkis.is). Hann tekur einnig við ábendingum og spurningum sem kunna að vakna vegna framkvæmdanna.

Nýr Landspítali ohf. og Landspítali vænta góðs samstarfs við alla sem málið varðar meðan á byggingu nýja sjúkrahótelins stendur.

Nánari lýsingu á framkvæmdinni er að finna á vef nýs Landspítala - [www.nyrlandspitali.is](http://www.nyrlandspitali.is)

## Nánar um sjúkrahóтелиð

Sjúkrahóтелиð verður fyrsta nýbyggingin í heildaruppbyggingunni sem framundan er á Landspítala Hringbraut. Það verður tekið í notkun árið 2017. Í sjúkrahótelinu verða 75 herbergi. Húsið rís á norðvesturhluta lóðar spítalans milli kvennadeildahúss, K-byggingar og Barónsstígs. Sjúkrahóтелиð verður fjórar hæðir og kjallari. Byggingin er 4.258 fermetrar að stærð (brúttó) eða 14.780 rúmmetrar (brúttó) með kjallara og tengigöngum sem tilheyra hótelinu. Innangengt verður milli sjúkrahótelisins og barnspítalans / kvennadeilda. Aðalhönnuðir hússins eru KOAN-hópurinn en forhönnun, skipulagsgerð, hönnun gatna og lóðar er unnin af Spítal-hópnum. Húsið verður prýtt með steinklæðningum, listaverki eftir Finnoga Pétursson myndlistarmann, samkvæmt samkomulagi við Listskreytingarsjóð.



NÝR LANDSPÍTALI



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS



VERKÍS